



Október 2019

REYKJAVIK ECONOMICS



Hver verður fjórða stoð íslenska hagkerfisins?

Lítill og meðalstór fyrirtæki eru vaxtarbroddur hvers efnahagskerfis

- Íslandsbanki hf. í samvinnu við Reykjavík Economics birti í fyrrihaust greiningu á efnahagslegum áhrifum lítilla og meðalstórra fyrirtækja.
- Í þeirri greiningu kom meðal annars fram að nýsköpun er algengari í stærri fyrirtækjum en minni.
- Stór fyrirtæki eru oftast betur í stakk búin til að koma fram með nýjungar á markaði eða betrubóta á vöru og þjónustu.
- Frumkvöðlar lítilla fyrirtækja oftast ekki lykillinn að skapandi eyðileggingu, þ.e.a.s. að byltingarkenndum nýjungum.
- Þrátt fyrir þá staðreynd að mesta rannsóknar- og þróunarstarfsemin fari fram í stórfyrirtækjum koma margar nýjungarnar fram hjá minni aðilum. Minni fyrirtæki þurfa oftast ekki að virkja ímyndunarafli mannauðs síns til að slá í gegn á markaðnum.
- Í skýrslunni kom fram að íslensk fyrirtæki eru eftirbátar annarra Norðurlanda þegar kom að veitingu einkaleyfa.
- Í ljósi ofangreindra niðurstaðna þótti rétt að kanna frekar frumkvöðlavirkni lítilla og meðalstórra fyrirtækja og hvaða aðgerðir og leiðir gætu skapað umgjörð fyrir frekari árangur á sviði nýsköpunar á Íslandi.
- Þegar kemur að rannsóknað og þróunarstarfi (R&P) hefur það farið vaxandi á Íslandi undanfarin ár, sbr. myndin hér til hliðar. Heildarútgjöld til R&P námu 55 milljörðum króna á árinu 2017 eða 2,1% af VLF.
- Nýlega birti Hagstofa Evrópusambandsins (ESB) – Eurostat – tölur um R&P í 28 aðildarlöndum auk Noregs og Íslands. Samanburðurinn er Íslandi hagfeldur með sjöundu hæstu heildarútgjöldin til R&P.
- Svipjód leggur mest til R&P eða 3,4% af VLF.
- Meðalútgjöld hinna 28 lands ESB voru 2,07%

Grunnur Íslandsbanka liggur í frumkvöðlastarfsemi

Rekur enn sérhæfða fjárfestingarsjóði sem fjárfesta í íslensku atvinnulífi

- Stofnun Íslandsbanka má rekja allt aftur til ársins 1875 við stofnun sparisjóðs Álftaness. Íslandsbanki hinn eldri var stofnaður árið 1904. Allan þann tíma hefur bankinn leikið lykilhlutverk í uppbyggingu atvinnulífs.
- Árið 1990 urðu tímamót í fjármálalífi Íslendinga þegar stærsti einkabanki landsins leit dagsins ljós. Íslandsbanki hf. varð til við sameiningu Alþýðubanka, Lønnaðarbanka, Útvegsbanka og Verzlunarbanka.
- Árið 2000 sameinaðist Fjárfestingarbanki atvinnulífsins bankanum.
- Fjárfestingarbanki atvinnulífsins varð til við sameiningu atvinnuvegafjárfestingarsjóða hins opinbera sem léku mikilvægt hlutverk í uppbyggingu innlands atvinnulífs en þeir voru: Fiskveiðasjóður Íslands, Lðnlánasjóður, Útflutningslánasjóður og Lðnþróunarsjóður.
- Þrátt fyrir fleiri sameiningar og yfirtökur er ljóst að Íslandsbanki rekur rætur sínar m.a. til fjárfestingarsjóða og enn í dag rekur bankinn sérhæfða fjárfestingarsjóði í gegnum dótturfélag bankans – Íslandssjóði.

Heimsmarkmiðin og nýsköpun

Mörg af markmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun eiga vel við hér...



Heimsmarkmiðin og nýsköpun

...þá sérstaklega heimsmarkmið númer 9 og 12



- Byggja upp trausta innviði, stuðla að sjálfbærri iðnvæðingu og hlúa að nýsköpun



- Tryggja sjálfbær neyslu- og framleiðslumynstur

Nýsköpun og frumkvöðlavirkni er grafalvarlegt mál

Af hverju nýsköpun? Nauðsynlegt að fyrir líf skjör framtíðarinnar – auðlindahagkerfið er góður grunnur


- Meginstoðir hagkerfis Íslands, þ.e.a.s. útflutningsstoðir eru sjávarútvegur, orkuiðnaður og ferðaþjónusta. Ísland er semsagt auðlindahagkerfi.
- Náttúruauðlindir hafa nokkra sérstöðu í hagfræðilegu tilliti. Ef auðlindin er takmörkuð og nýtingu hennar stjórnað þannig að hún sé hagkvæm, má gera ráð fyrir að auðlindin geti gefið af sér svonefnda auðlindarentu. Á mjög einfölduðu máli er auðlindarenta sá hagnaðar sem hafa má af nýtingu auðlindarinnar og er umfram það sem ætla má að fá megi í öðrum atvinnugreinum. Í þessu sambandi er mikilvægt að hafa í huga að auðlindarenta myndast ekki sjálfkrafa við það eitt að nýta auðlind, heldur þurfa ýmsir önnur atriði að koma til og þar er skynsamleg stjórnun mikilvægust.
- Þessar atvinnugreinar eiga það sameiginlegt að afkastageta þeirra er takmörkuð, a.m.k. til skamms tíma litið.
- Fiskveiðiheimildir eru takmarkaðar og það má segja að þær séu fastar til langs tíma litið. Til að aukaverðmæti sjávarafurða þarf að horfa til nýtingar aflans og að fá sem hæst verð fyrir afurðina þar sem að magn (Q) er takmarkandi þáttur.
- Á sama hátt má líta á vatnsafl og jarðvarma. Flestar stærri orkulindir landsins hafa verið nýttar og ekki eru í sjónmáli nýjar stórvirkjanir eins og voru reistar á árum áður. Smærri virkjanir munu koma fram, t.d. smávirkanir og vindmyllur. Einnig þarf að taka tillit til náttúruverndarsjónarmiða. Orkuvinnslumagnnið er því eins og seigfljótandi fasti. Arðsemi þjóðarbúsins felst því í að fá sem hæst verð fyrir orkuna í framtíðinni.
- Ferðaþjónustan hefur verið í miklum vexti og þá vaknar sú spurning hvort að vöxturinn verði hægari til náinnar framtíðar. Hver er afkastageta íslenskrar náttúru og hvað getur litil þjóð eins og Íslendingar náð að þjónusta marga ferðamenn?
- Magn er hér líklega aftur takmarkandi þáttur nema að annars konar þjónusta komi til. Hvort að fjöldi ferðamanna nái jafnvægi við tvær eða fjórar milljónir gesta á ári sýnir að um er að ræða takmarkaða auðlind ef ferðaþjónusta er alfarið háð náttúrugæðum.
- Verðmætasköpun skiptir því hér öllu máli, það er að segja framlegð af hverjum ferðamanni.

Hvaðan koma útflutningstekjur Íslands?

Þetta „annað“ þarf að vaxa

Oft er vísað til hins svokallaða alþjóðageira þegar rætt er um fyrirtæki sem byggja starfsemi sína að mestu leyti að hugviti. Framtíðarhagsæld mun byggjast á þeim atvinnugreinum.

Mörg nýsköpunarverkefni eru þeirrar náttúru gædd að magn er ekki takmarkandi þáttur. Mörg þessara verkefna eiga erindi á heimsmarkað. Nærtækasta dæmið er tölvuleikurinn EVE-Online en fleiri dæmi mætti nefna.




Íslenskt efnahagslíf byggir á endurnýjanlegum en að mörgu leyti takmökkuðum auðlindum

Fólksfjölgun og óhagstæð aldursdreifing er áskorun til framtíðar. Er nýsköpun og tækni lausnin?

Orkuöflun og afli er fallandi fall af fólksfjölgun. Minna magn af sjávarafurðum framleidd á mann eftir því sem þjóðinni fjölgar.

Verðmæti byggjast á góðri nýtingu aflans og að fá gott afurðaverð. Okkur hefur auðnast að auka verðmætin ásamt því að efla nýsköpun í atvinnugreininni. Sama á við um orkuauðlindina



Orka

Endurnýjanleg auðlind en takmarkað hversu mikið er hægt að virkja til viðbótar. Helst vindur og smávirkjanir.



Sjávarútvegur

Auðlindin er endurnýjanleg en afrakstur hennar er takmarkast af kvóta. Sama á við um fiskeldi.



Ferðaþjónusta

Er fjöldi ferðamanna takmarkandi þáttur? Er hægt að þjónusta 2-3 milljónir ferðamanna?




Tækni

Byggist á hugviti þar sem takmarkandi þættir skipta minna máli.

„Í kolli mínum geymi ég gullið“

Hugvit er grunnur efnahagslegrar velferðar

VLF á mann á Íslandi hefur vaxið mikið frá árinu 2010



Hvað hefur ríkisvaldið gert vel?

Ný stefna íslenska ríkisins í nýsköpun (2019)

— Stefnubreytingar sem komu til á árabílinu 2015–2016



Endurgreiðsla á
rannsóknar- og
þróunarkostnaði



Skattaafsláttur fyrir
einkafjárfesta sem
fjárfesta í
sprotafyrirtækjum



Skattaafsláttur fyrir
erlenda sérfræðinga
sem hingað koma




Kaupréttir fyrir
frumkvöðla /
stofnendur eru
skattlagðir þegar
eignarhlutur er
seldur, en ekki frá
upphafsdegi
kaupréttar



Tækniþróunarsjóður
(samkeppnissjóður)
stækkaður

Ekki bara „startups“ heldur líka tækninýjungar

...en þetta byrjar allt með að við eigum okkur draum...og svo stækkum við. Draumurinn getur átt sér stað innan núverandi fyrirtækja eða hjá nýstofnuðum fyrirtækjum




Við náðum til tunglsins.
Hvað gerist á næstu 50 árum?



Hvað er nýsköpun og frumkvöðlavirkni?

...en hvað með uppgötvanir sem og rannsóknir og þróun (R&D)?

- Hugtakið nýsköpun (e. innovation) er títt notað í ræðu og riti án þess að við ihugum frekar hvað hugtakið þýðir. Íslensk orðabók skilgreinir hugtakið á eftirfarandi hátt: „Það að stuðla að framförum með nýjum hugmyndum, verklagi eða uppgötvunum“.
- Þessi skilgreining er góð og felur í sér að jafnvel smávægileg breyting í verklagi getur talist til nýsköpunar.
- Nýsköpun er því hugtak sem skýrir hugdettur sem geta auðveldað daglegt líf, framleiðsluferli fyrirtækja o.s.frv. Dæmi um innlenda nýsköpun sem hefur bætt líf fjölda fólks um allan heim eru stóðtæki Össurar Kristinssonar sem eru framleidd undir merkjum fyrirtækisins Össur hf.
- Uppgötvun (e. invention) er þrengra hugtak en nýsköpun og felur í sér að eitthvað sem ekki hefur verið til áður eða sköpunarferli sem hefur ekki verið til staðar.
- Uppgötvun er eitthvað sem felur í sér róttæka framþróun. Þar gætum við nefnt, prentvélina, sprengihreyfilinn, pensillín, tölvur o.fl. Við gætum einnig nefnt samgöngutæki á hjólum sem eitt af mikilvægustu uppfindingum mannkyns. Líklega hefur það verið tekið í notkun um 3.300 árum f.Kr. nærri Lubjana í Slóveníu.



„HVAÐ ER ÞÚ AÐ FARA FÓTGANGANDI? EKKI VILJUM VIÐ MÆTA OF SNEMMA.“


Hvað er nýsköpun og frumkvöðlavirkni (frh.)?

Frumkvöðull eða ævintýramaður?

- Hvað er þá frumkvöðull eða frumkvöðlavirkni?
Frumkvöðull (e. entrepreneur) er skilgreindur sem sá sem er brautryðjandi, forsprakki, forvígismaður, hvatamaður, höfundur, stofnandi, upphafsmaður. Fleiri nöfn má nefna en íslenska heitið talar sínu máli.
- Frumkvöðull eða „entrepreneur“ sem hugtakið kallast á erlendum tungumálum er franskt að uppruna en franskur hagfræðingur Jean-Baptiste Say (1767-1832) sem var undir áhrifum bókar Adam Smith (1723-1790) – *Auðlegð þjóðanna* – er talinn einn af frumkvöðlum hugtaksins eða „ævintýramannsins“ eins og hugtakið var fyrst þýtt á enska tungu árið 1821 í þýðingu á bók Says: *A Treatise on Political Economy of the Production, Distribution and Consumption of Wealth*. Einnig er vitnað til fleiri aðila eins og írsk-franska hagfræðingsins Richard Cantillon (um 1680 – 1734) þegar rætt er um frumkvöðlahugtakið.
- Frumkvöðullinn sér tækifæri í óhagkvæmri nýtingu auðlinda og fjármagns og hefur því hvata til að auka framleiðni og afrakstur.
- Með öðrum orðum þá grípa frumkvöðlar tækifæri til að hagnast, t.d. með því að skapa nýja markaði.
- Frumkvöðlar trufla í sífellu samkeppnisjafnvægi og koma þannig í veg fyrir að einokun þrífist eða sé langvarandi ásamt því að skapa fjölbætt vöruframboð sem gerir það að verkum að neytendur viðhalda kauphegðun sinni og framleiðendur halda áfram að framleiða.
- Afrakstur frumkvöðulsins fyrir áhættusæknina getur verið verulegur. Hugmyndir Adam Smiths og Jean-Babiste Say um annars vegar markaðshagkerfið og hins vegar frumkvöðlavirkni hefur skapað fjölmargar umbýltingar á atvinnuvegum.

„Neyðin kennir naktri konu að spinna“

Norðmaðurinn Thor Bjørklund (1889–1975) frá Lillehammer hannaði ostaskerarann og fékk einkaleyfi á uppfinningunni þann 27.febrúar 1925. Það sem dreif Thor áfram var hann var ósáttur við þá sóun sem átti sér stað af osti þegar hann var skorinn með hefðbundnum hníf. Efnahagsþrengingar millistríðsáranna kröfðust þess einnig að vel væri farið með



Hvað með annað sem hefur umbreytt daglegu lífi?

Dæmi um uppgötvanir sem við gætum vart verið án



Tölvumúsin er dæmi um gagnlega uppfinningu


Hvorki Xerox né Douglas Engelbart nutu ávaxtanna af uppfinningunni

- Ágætis dæmi um endurbót á tækni er þróun Apple á tölvumúsinni sem sagan segir að Steve Jobs, einn af stofnendum Apple, hafi fyrst séð hjá Xerox fyrirtækinu árið 1979 en svipuð tækni og músin á sér reyndar lengri sögu. Tölvumúsin er ágætis dæmi um tækni sem stórfyrirtæki eins og Xerox áttar sig ekki á hvernig er hægt að hagnast á en aðrir smærri aðilar grípa boltann á lofti, sbr. Steve Jobs.
- Myndin hér til hliðar sýnir fyrstu músina sem uppfinningamaðurinn Douglas Engelbart fann upp árið 1964. Vísindamenn Xerox Parc tóku músina upp á sína arma en áttuðu sig ekki á notagildi hennar. Sýndu Steve Jobs á þeim tíma m.a. tölvu með gluggakerfi.
- Steve Jobs sagði löngu síðar á frummálinu: “If Xerox had known what it had and had taken advantage of its real opportunities, it could have been as big as I.B.M. plus Microsoft plus Xerox combined—and the largest high-technology company in the world.”




Rannsóknir og þróun er undirstaða nýjunga

ESB gögn frá 2013-2017



Við höfum sótt í okkur veðrið


Útgjöld til R&B á Íslandi sem hlutfall af VLF





Rannsóknir og þróun (R&P)


Ísland stendur nokkuð vel þegar mælikvarðar á R&P eru mældir. Norðurlöndin eru mjög framarlega en Ísrael og S-Kórea eru í sérflokki hvað varðar fjölda vísindamanna og útgjöld til R&P sem hlutfall af VLF. Bandaríkin og Kína fjárfesta hæstum fjárhæðum í R&P. Ísland ætti að stefna markvisst í Norðurlandaflokk






Frumkvöðlavirkni á Íslandi

Nýskráðum fyrirtækjum fer aftur fækkandi. Fyrirtækjum fjölgaði mikið á bóluárunum en oft voru fyrirtæki stofnuð um eitt verkefni. Hér má nefna eignarhaldsfélög og kvikmyndaframleiðslufélög



Hverjir stofna fyrirtæki?

Konur í minnihluta á tímabilinu 2005-2019. Flestir stofnendur á aldrinum 30-39 ára



Góðu fréttirnar eru þær að konur eru að fá fjármagn

Hvernig er staðan á Íslandi?

ANALYSIS OPINION HOW TO COUNTRIES



SECTORS JOBS BOARD ABOUT Q COMMUNITY

NEWS | VC

Female founders are more likely than men to attract later-stage VC funding


New data shows that female startup bosses who succeed in raising a first round are (ever so slightly) more likely than men to attract funding later in the game

By Kim Darrah

Thursday 10 October 2019


Hlutdeild kvenna í stofnun fyrirtækja fer vaxandi

Óvenjulega mikil fjölgun fyrirtækja árið 2007. Voru oft stofnuð utan um áhættufjárfestingar. Mörg fóru í gjaldþrot eftir hrun og eru því ekki góður mælikvarði á nýsköpun




Fjöldi nýskráðra einka- og hlutafélaga

Fjöldi hluta- og einkahlutafélaga stofnuð á árunum 2008 - 2018




Fjöldi nýskráðra einka- og hlutafélaga

Fjöldi hluta- og einkahlutafélaga stofnuð á árunum 2008 – 2018 á landsbyggðinni. Heildarfjöldi fyrirtækja sem voru stofnuð á sama tímabili á höfuðborgarsvæðinu voru tæplega 18 þúsund talsins




Fjöldi nýskráðra einkahlutafélaga

Algengustu atvinnugreinar á öllu landinu á árabílinu 2008 – 2018 – starfsemi eignarhaldsfélaga áberandi




Fjöldi nýskráðra einkahlutafélaga

Algengustu atvinnugreinar á höfuðborgarsvæðinu á árabílinu 2008 – 2018




Fjöldi nýskráðra einkahlutafélaga

Algengustu atvinnugreinar á Suðurnesjum á árabílinu 2008 – 2018 – mikil uppbygging




Fjöldi nýskráðra einkahlutafélaga

Algengustu atvinnugreinar á Suðurlandi á árabílinu 2008 – 2018 – mikil uppbygging ferðapjónustu




Fjöldi nýskráðra einkahlutafélaga

Algengustu atvinnugreinar á Austurlandi á árabílinu 2008 – 2018 – útgerð og útleiga á húsnæði




Fjöldi nýskráðra einkahlutafélaga

Algengustu atvinnugreinar á Norðurlandi eystra á árabílinu 2008 – 2018 – fasteignatengd starfsemi algeng




Fjöldi nýskráðra einkahlutafélaga

Algengustu atvinnugreinar á Norðurlandi vestra á árabílinu 2008 – 2018 – búskapur og útgærd




Fjöldi nýskráðra einkahlutafélaga

Algengustu atvinnugreinar á Vestfjörðum á árabílinu 2008 – 2018 – útgerð og fiskeldi



Fjöldi nýskráðra einkahlutafélaga

Algengustu atvinnugreinar á Vesturlandi á árabílinu 2008 – 2018 – ferðapjónusta áberandi




Nýsköpun á Íslandi

Nokkur dæmi um nýsköpunarfyrirtæki. Þau eru ekki einungis á höfuðborgarsvæðinu



Gjaldprotum fjölgaði árið 2018


Gjaldprot eru algengust í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð og í heild- og smásöluöluverslun, þ.m.t. viðgerðir á vélknúnum ökutækjum



Hversu lengi lifa fyrirtæki?

Myndin hér að neðan sýnir líftíma fyrirtækja eftir stofnári. Yfir fjórðungur fyrirtækja sem voru stofnuð árið 2005 hafa farið í þrot fram til ársins 2019. Mikill fjöldi fyrirtækja sem stofnaður var fyrir hrun er gjaldþrota

Stofnuð fyrirtæki og uppsafnaður fjöldi gjaldþrota



Frumkvöðlavirkni og nýsköpun í heiminum

Betri samskiptatækni gefur fyrirtækjum möguleika á alþjóðlegu nýsköpunarsamstarfi

- Það sem okkur flestum kemur til hugar þegar rætt er um frumkvöðlavirkni er Kísildalurinn (e. Silicon Valley) í Kaliforníu. Þá höfum við í huga stórfyrirtæki eins og Alphabet (Google), Apple, Facebook o.s.frv.
- Þó að Kísildalurinn beri höfuð og herðar yfir aðra nýsköpunarstaði í heiminum þá er ekki eins og það séu ekki frumkvöðlar annars staðar. Hér til hliðar sjást nokkrar áberandi borgir í heiminum. Það er áhugavert aðeins ein evrópsk borg kemst á listann, það er Lundúnir.
- Station F í París er dæmi um viðskiptahraðal.
- Litlar og meðalstórar borgir standa sig oft vel þegar kemur að frumkvöðlavirkni og nýsköpun. Þar má nefna: Tel Aviv, Cambridge, Oxford, Tallinn (Skype), Stokkhólmur (Spotify).
- Gullni prihyrningurinn er vísun til topp háskóla í Lundúnum, Milton Keynes, Oxford University og Cambridge University.
- Af hverju ekki Reykjavík? Hvað getum við gert betur? Reykjavík gæti haft viðmið (e. benchmarking) við borgir eins og Edinborg sem hefur sett markmið um að verða gagnaborg Evrópu. Einnig er Silicon Wadi í Tel Aviv góð fyrirmynd en þar eru um 1.700 frumkvöðlafyrirtæki (e. start-up) í borg sem telur 440 þúsund íbúa.
- Dæmi um nýsköpunaráttök á Íslandi: Start up Reykjavík, Start up Energy, Startup Tourism, Til sjávar og sveita, Tónlistarhraðallinn Firestarter.
- Scott Galloway: „Find the universities that are gaining the most traction in engineering or STEM and you're going to find an ecosystem that can produce a unicorn.“

Topp 10 borgir fyrir framtaksfjárfestingar


nr.	Borg/svæði	Mannfjöldi (milljónir)	Framtaks-fjárfestingar (VC) í milljónum USD	Hlutdeild á heimsvísu
1	San Francisco	4.7	\$27.3	16.0%
2	Beijing	21.8	\$11.3	14.2%
3	New York	20.2	\$11.3	6.6%
4	San Jose	2.0	\$8.3	4.9%
5	Boston	4.8	\$8.2	4.8%
6	Shanghai	24.3	\$7.9	4.7%
7	Los Angeles	13.3	\$5.8	3.4%
8	London	14.0	\$5.2	3.1%
9	Hangzhou	9.1	\$3.8	2.2%
10	Bangalore	10.3	\$3.5	2.1%

Hvaða borgir búa yfir mestu framtaksfjármagni (VC) á hverja milljón búa?

nr.	Borg/svæði	Framtaks-fjárfestingar (VC) í milljónir USD
1	San Francisco, BNA	\$17,458.0
2	San Jose, BNA	\$12,535.1
3	Boston, BNA	\$5,120.4
4	Boulder, BNA	\$3,675.2
5	Beijing, Kína	\$3,341.1
6	Oxford, Bretland	\$2,656.0
7	Duram, BNA	\$2,415.4
8	Provo, BNA	\$2,245.7
9	Santa Barbara, BNA	\$2,144.0
10	Cambridge, Bretland	\$2,109.6

Reykjavík í 43 sæti

662 bandaríkjadalir hvern íbúa – getum við gert betur? – Tækifæri fyrir Ísland og íslensk fyrirtæki



Hugverkaréttindi – Skipta þau máli?


„Þú getur auðvitað ekki selt eitthvað sem þú átt ekki...”

- „Þú getur auðvitað ekki selt eitthvað sem þú átt ekki. Ég held að þessi þekking og þessi vitundarvakning skipti mjög miklu máli. Hún þarf nefnilega að eiga sér stað mjög víða. Hún þarf að vera til staðar hjá vísindamönnum, hún þarf að vera til staðar hjá frumkvöðlum. Hún þarf ekki síður að vera til staðar hjá fjárfestum. Það eru til fjárfestar sem í rauninni fjárfesta ekki nema eftir að hafa gengið úr skugga um að það sé einkaleyfi til staðar.” Þetta sagði Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra í ræðu á Alþingi í apríl 2018.
- Ofangreint kjarnar mikilvægi hugverkaréttinda (e. Intellectual Property Rights). Hvort sem um er að ræða vörumerki eða einkaleyfi.
- Það eru margir kostir við hugverkaréttindi. Þau vernda uppfinningar, ferli og huglæg réttindi (e. concept) fyrirtækisins sem skiptir oft sköpum í að viðhalda vörumerki og samkeppnisforski fyrirtækja.
- Hugverkaréttindi geta verið margskonar. Höfundarréttur (e. copyright) þarfnast venjulega ekki skráningar. Einkaleyfi og vörumerki þarf að skrá hjá þar til bærum aðila eins og Hugverkastofu.
- Höfundarréttur felur almennt í sér vernd bókmenntaverkum, tónverkum, málverkum, ljósmyndum og öðrum listaverkum.
- Einkaleyfi geta verndað hönnun, ferli, uppgötvánir eða jafnvel plöntutegundir eins og stráin við braggana í Nauthólsvík.
- Skráð vörumerki vernda kennileiti fyrirtækja eins merki og leturgerð. Þekkt skráð vörumerki eru t.d. Coca Cola.
- Hugverkaréttindi hafa ýmsa kosti:
 - Geta gefið fyrirtækinu samkeppnisforski gagnvart öðrum svipuðum fyrirtækjum
 - Hugverkaréttindi getur aukið verðmæti fyrirtækisins
 - Hugverkaréttindi hjálpa þér að markaðssetja vörur og þjónustu fyrirtækisins.
 - Oft auðveldara að fjármagna fyrirtæki sem eiga einkaleyfi.
 - Meiri tækifæri til útflutnings ef hugverkaréttindi eru tryggð.
- Ef fyrirtæki hefur einkaleyfisvernd á hugverkum þá gefur það oft en ekki samkeppnisforski. Þetta er vegna þess að önnur fyrirtæki sem starfa í sömu atvinnugrein geta ekki afritað, framleitt, notað eða selt vöruna.
- Hugverk og einkaleyfi getur skapað tekjuöflunartækifæri t.d. með leyfissamningum eða sölu á uppfinningunni.
- Verðmæti fyrirtækisins verður meira ef einkaleyfi eru tryggð. Nefna má dæmi um yfirtöku Google á Motorola sem var fyrst og fremst hugsuð til að komast yfir farsíma einkaleyfi Motorola sem voru yfir 20 þúsund talsins.

Erlendir aðilar skrá í auknu mæli vörumerki sín

Umsóknir um vörumerki hjá Hugverkastofu


Umsóknir innlendra og erlendra aðila um skráð vörumerki á Íslandi



Fjöldmörg vörumerki skráð á Íslandi

Innlendir aðilar hafa skráð tæplega átta þúsund vörumerki


Skráð vörumerki í gildi eftir löndum



Fjöldi einkaleyfa

Einkaleyfisskráningar í sókn


Fjöldi einkaleyfa skráð hjá Hugverkastofunni



Einkaleyfi í gildi á Íslandi

Mjög fá íslensk einkaleyfi skráð á Íslandi – sum fyrirtæki skrá beint erlendis


Einkaleyfi í gildi á Íslandi eftir löndum



Íslensk fyrirtæki meðvitaðri um mikilvægi hugverkaréttinda

Íslensk fyrirtæki skrá vörumerki sem og einkaleyfi í Evrópu


Evrópsk einkaleyfi og skráð vörumerki frá Íslandi



Stöndum Norðurlöndum að baki

Íslensk fyrirtæki þurfa að efla skráningu einkaleyfa

Veitt einkaleyfi á hverja eina milljón íbúa á Norðurlöndunum og í Evrópusambandinu



Miklar sviptingar – Verðmætustu vörumerki heims

Verðmætustu vörumerki í heimi árið 2006

Amazon, Alibaba og PayPal ekki á listanum



Verðmætustu vörumerki í heimi árið 2019

Nokia, Intel, Yahoo og Dell fallin út af topp 30 listanum




Mörg af verðmætustu vörumerkjum heims eru verðmetin á hundruð milljarða bandaríkjadollara

Er EVE Online þekktasta íslenska vörumerkið?

Hvar eru Icelandair, Marel, Össur, DeCode í röðinni?

Innlendir framtaksfjárfestar (VC & PE)

Dæmi um innlenda framtaksfjárfesta – Gróskan byrjar eftir efnahagshrunið. Mest frá 2012. Fjármögnun vaxtarskeiðs er oft áskorunum háð. Er betra að selja fyrirtækin til keppinauta eða leita að fjármögnun erlendis?



Nokkur dæmi um eftirtektarverð fyrirtæki

annata

ZYMETECH

Alvogen

EVE
ONLINE

Oculis

KLAPPÍR

FLOREALIS

kaptio

ankerl

Activity Stream

LUCINITY

GRID

DTE DYNAMIC
TECHNOLOGY
EQUIPMENT

Myrkur Games

MONERIUM

Adversary

kara

lauf

LAKI
POWER

APPDYNAMICS

authenteq

meniga


CORIPHARMA

kerecis

Mun lægra vaxtastig hvetur til fjárfestingar í nýsköpun?

Vextir hafa farið lækkandi í heiminum og því eru áskoranir stofnanafjárfesta meiri en áður hefur þekkst

Vextir
hafa farið
lækkandi
yfir tíma



Fjárfesting
í nýsköpun
í krónum –
eykst hún í sam-
tímanum?



Hver verður fjórða stoðin?

Helstu útflutningsgreinar íslensks atvinnulífs og vaxandi atvinnugreinar



Um skýrsluna og fyrirvarar

- Úttekt þessi var unnin af Reykjavík Economics ehf. fyrir Íslandsbanka hf.
- Auk upplýsinga úr opinberum gagnagrunnum, svo sem frá Hagstofu Íslands, OECD, Eurostat, Norrænu ráðherranefndinni o.fl., vann embætti ríkisskattstjóra (RSK) sérstaklega úr gögnum sínum vegna þessarar rannsóknar. Er embættinu þakkað gott samstarf.
- Hvað gögn RSK varðar var annars vegar notast við yfirlitsgögn allra fyrirtækja sem skiluðu skattframtali fyrir viðkomandi ár og hins vegar fyrir LMF sérstaklega. Í gagnasettinu eru 28.600 fyrirtæki árið 2008 en 37.400 árið 2016. Aðeins eru fyrirbyggjandi gögn fyrir um 20.300 fyrirtæki fyrir árið 2017 (skattskýrsla 2018) og því var í flestum tilfellum aðeins notast við gögn til ársins 2016.

Lagalegur fyrirvari

- Skýrsla þessi er unnin af Reykjavík Economics ehf. í samstarfi við Íslandsbanka hf.
- Skýrslan lýsir viðhorfum skýrsluhöfunda með fyrirvara um gæði gagna og upplýsinga.
- Skýrslu þessa ber ekki að nota sem grundvöll til fjárfestinga og er brýnt fyrir lesendum að leita sér ráðlegginga hjá þar til bærum sérfræðingum.

Sérstakar þakkir

- Fyrir hönd Íslandsbanka komu eftirfarandi starfsmenn að skýrslunni: Una Steinsdóttir, Marteinn Már Guðgeirsson, Björn Berg Gunnarsson og Bjarni Helgason. Við kunnum þeim bestu þakkir fyrir samstarfið.
- Við viljum þakka ríkisskattstjóra fyrir samstarfið og þá sérstaklega Páli Kolbeins sem lagði til gögn við vinnslu þessarar skýrslu.
- Einnig viljum þakka Gunnari Haraldssyni, Kára S. Friðrikssyni, Einari Gunnari Guðmundssyni, Inga Birni Sigurðssyni og Guðmundi Hafsteinssyni.

